

Skipulagsstofnun  
Rut Kristinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 21. október 2009  
Tilvísun: UST20090900102/hj

**Sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun fyrir álver á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavirkjun, Kröfluvirkjun II og háspennulínur frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 23. sept. sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun fyrir sameiginlegt mat umhverfisáhrifa álvers á Bakka, Þeistareykjarvirkjunar, Kröfluvirkjunar II og háspennalína frá Kröflu og Þeisatareykjum að Bakka.

Umhverfisstofnun telur að í sameiginlegu mati eigi ekki einvörðungu að fjalla um sammögnumaráhrif eða áhrif þar sem um skörun á milli framkvæmda er að ræða, heldur eigi einnig að gera grein fyrir því hvert heildarumfangið er og meta summu allra umhverfisáhrifa frá öllum mannvirkjunum á rekstrartíma þeirra. Stofnuninni er fullljóst að ákveðin umhverfisáhrif geta tengst inni eða tveimur af þeim framkvæmdum sem hér um ræðir, en telur engu að síður að gera eigi grein fyrir þessum áhrifum í sameiginlegu mati svo heildarmynd umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar í heild sinni komi fram. Hér má nefna sem dæmi áhrif á jarðhitageyma, fersk- og grunnvatn og jarðmyndanir auk áhrifa vegna línulagna, vegagerðar og efnistöku.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að afmörkun svæða í tengslum við framkvæmdir tekur oftar en ekki frekar mið af framkvæmdinni sjálfri en landfræðilegum og jarðfræðilegum þáttum og ítrekar að rétt sé að skilgreina áhrifasvæði framkvæmda frekar vítt. Stofnunin telur mikilvægt að við mat á áhrifum jarðhitavinnslu á yfirborð háhitasvæðanna verði horft til þeirrar reynslu sem fengist hefur bæði á staðnum (Krafla) og öðrum háhitasvæðum.

Í kafla 4.4.1 um jarðmyndanir kemur fram að:

„Við mat á jarðmyndunum verður hafður til hliðsjónar liður c í iv grein 3. Viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum en þar segir að: „*athuga þarf hversu viðkvæm svæði eru sem liklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, einkum með tilliti til álagspols náttúrunnar með tilliti til sérstæðra jarðmyndana, svo sem hverasvæða, vatnsfalla, jökulminja, eldstöðva og bergmyndana.*“

Í þessu sambandi vill stofnunin vekja athygli á mikilvægi þess að gerð verði grein fyrir hvernig verndargildi þeirra sérstæðra jarðmyndana sem um er fjallað er fengið.

Umhverfisstofnun telur að fjalla eigi um mismunandi kosti í sameiginlega matinu, þar með talinn nállkost, í samræmi við matskýrslur einstakra framkvæmda.

Að öðru leiti vísar stofnunin til umsagna um einstakar framkvæmdir sameiginlega matsins.

Virðingarfyllst

Hélgi Jóansson  
Ráðgjafi

  
Olafur A Jónsson  
Deildarstjóri